

# Aðalfundur FÁSES 2012



## Fundargerð

**Dagsetning: 1. nóvember 2012**

**Staðsetning: Kringlukráin**

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara. Laufey Helga kosin fundarstjóri þessa aðalfundar FÁSES og Hildur Halldórsdóttir var kosin fundarritari.
2. Eyrún Ellý formaður FÁSES og Alma viðburðastjórnandi fóru yfir skýrslu stjórnar og hverju FÁSES hefur staðið fyrir á núliðnu starfsári. Á þessu fyrsta starfsári náði FÁSES að gera flest allt sem stefnt var að í upphafi. Farið var yfir helstu viðburði sem FÁSES stóð fyrir, þar má m.a. nefna kynningarkvöld á Barböru, videókvöld, það var boðið upp á að horfa á Melodifestivalen saman á Hressó og einnig var horft á Second Chance-keppnina ásamt kosningu í þeirri keppni. Síðast en ekki síst var fjallað um gott samstarf á milli FÁSES og RÚV í kringum Söngvakeppni Sjónvarpsins og Alla leið þættina.
3. Auður gjaldkeri fór yfir reikninga félagsins. Meðal annars var rætt um kostnað við gerð félagsskírteinisins, en stefnt er að því nú að hafa eingöngu kortin frá OGAE sem félagsskírteini FÁSES og gefinn út límmiði árlega sem sýnir gildistíma kortsins. Einnig kom fram að úttektarárið vegna rekstraryfirlits verði framvegis frá nóvember til nóvember. Þetta fyrsta ár hefur úttektarárið verið ágúst 2011 til nóvember 2012.
4. Laufey Helga kynnti tillögur stjórnar um lagabreytingar, en um fjórar breytingar var að ræða sem voru sendar á félagsmenn til skoðunar fyrir fundinn. Þessar lagabreytingar voru allar samþykktar án breytinga.

5. Kosið í stjórn. Engin framboð komu úr sal frá félagsmönnum. Félaginu höfðu borist þrjú framboð og voru þau samþykkt. Það voru Auður Geirsdóttir í embætti gjaldkera, Flosi Jón Ófeigsson í embætti alþjóðafulltrúa og Haukur Johnson í embætti kynningar- og viðburðarstjóra, en þau gáfu áfram kost á sér í embætti stjórnar. Samkvæmt samþykktum félagsins skal á þessum fyrsta aðalfundi kjósa í þessi embætti til eins árs.
  
6. Tveir félagsmenn FÁSES buðu sig fram sem skoðunarmenn félagsins til tveggja ára, en það eru þau Anna Sigrún Hafliðadóttir og Reynir Þór Eggertsson. Um þetta var kosið og voru bæði framboðin samþykkt.
  
7. Farið var yfir önnur mál.
  - a. **Miðamál.** Ekki er enn kominn á hreint miðafjöldi sem FÁSES fær fyrir Eurovision 2013 en um leið og það hefur fengist staðfest verða félagar látnir vita með tölvupósti. Ákveðið hefur verið að hafa ákveðin tímamörk til að fólk láti vita hvort það hafi áhuga á að fara til Svíþjóðar svo hægt sé að áætla nokkurn veginn miðafjölda. Félagar eru beðnir að láta stjórn FÁSES vita fyrir miðjan nóvember ef þeir hafa áhuga á miðum. Fram kom að hver félagsmaður getur einungis keypt einn miða. Félagsnúmer skapa forgang á lista en einnig spilar inn í að fólk sæki snemma um og virði tímamörkin. Eyrún Ellý formaður FÁSES rakti í stuttu máli hvernig fyrirkomulagið var í fyrra í Aserbaídsjan en þá greiddu OGAE-félagar 280 evrur fyrir pakkann (allar keppnir og rennsli).

**b. Fréttabréf FÁSES.** Samkvæmt félagsmönnum á fundinum var mikil ánægja með Fréttabréf FÁSES sem var gefið út sl. vor. Það komu tillögur að útbúa fleiri bæklinga næst, en þá gætu aðrir en félagsmenn fengið bæklinginn og hægt væri að selja hann á sanngjörnu verði. Einnig kom sú tillaga að safna fleiri styrktaraðilum/auglýsingum fyrir bæklinginn, þannig að kostnaðurinn sé sem lægstur fyrir félagið, og sem flestir gætu fengið þennan bækling sem hafa áhuga á.

**Fundi slitið 21:40**